

Slagæðastíflun til legs

(uterine fibroid embolization)

Útskriftarfræðsla

Verkir og verkjalyf:

Eðlilegt er að finna fyrir krampakenndum verkjum í allt að eina viku eftir aðgerðina. Verkir eru mismunandi milli einstaklinga en oftast eru verkirnir verstir fyrsta sólarhringinn. Mælt er með Íbúprófeni til verkjastillingar fyrir þá sem þola það. Hámarksskammtar af Íbúprófeni er 400 mg fjórum sinnum á sólarhring. Ef Íbúprófen dugar ekki til verkjastillingar má einnig taka Parkódín 2 töflur fjórum sinnum á sólarhring. Ekki er ráðlagt að aka bíl ef morfínskyld lyf eru tekin við verkjum.

Blæðingar:

Búast má við blæðingum og/eða útfærð frá leggöngum í um 1-4 viku eftir aðgerð. Blæðingin á að vera lítil.

Ráðleggingar eftir aðgerð:

- Forðastu samfarir næstu 7 dagana.
- Forðastu líkamsrækt eða líkamlegt álag fyrstu vikuna eftir aðgerð og fara hægt af stað. Búast má við slappleika og þreytu í nokkra daga eftir aðgerð.
- Einstaklingsbundið er hversu langan tíma tekur að jafna sig eftir aðgerðina. Oftast er hægt að snúa aftur til vinnu 1-2 vikum eftir aðgerð. Fer það eftir því hvernig vinna þú stundar.
- Ráðlagt er að vera ekki ein heima fyrsta sólarhring eftir heimkomu til öryggis.
- Við notkun á Parkódín þarf að hafa í huga að lyfið getur valdið hægðatregðu. Þá er ráðlagt að taka hægðamykjandi lyf s.s. Magnesium medic til að koma í veg fyrir hægðatregðu.

Hafa þarf samband við kvenlækningadeild ef eftirfarandi einkenni koma fram:

- Blæðing við stungustað eða ört stækkandi mar í nára
- Gúlmyndun í nára (þreifanleg kúla undir stungustað, sláttur í sári)
- Stöðugir verkir þrátt fyrir verkjalyf
- Líkamshiti er hærri en 38,5°C
- Stækkandi roða- eða bólgusvæði við stungustað
- Viðvarandi illa lyktandi útferð
- Það blæðir ríkulega svo að stórt bindi fyllist (næturbindi eða sambærileg) á innan við 30 mínútum í meira en tvær klukkustundir.

Símanúmer

Móttaka kvenlækningadeildar 21A er opin virka daga frá kl. 8-16, sími 543-3224. Ef eitthvað kemur upp á sem ekki getur beðið til næsta dags má hafa samband við skiptiborð Landspítala í síma 543-1000 og biðja um samband við legudeild kvenlækningadeildar 21A. Hafa má samband við kvenlækningadeild næstu tvær vikur eftir aðgerð en eftir þann tíma er ráðlagt að hafa samband við heilsugæslu. Ef um brátt ástand er að ræða skal hafa samband við 112.

Starfsfólk Landspítala

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
KVENLÆKNINGAÐEILD 21A
JÚNÍ 2019
LSH-2230

ÁBYRGÐARMENN:
YFIRLÆKNIR KVENLÆKNINGA,
DEILDARSTJÓRI 21A OG YFIRLÆKNIR
Á RÖNTGENDEILD

HÖNNUN:
SAMSKIPTAÐEILD